



## Minnisblað vegna notkunar félagsheimila 2023 Þingborg og Félagslundur

Eftirfarandi minnisblað er tekið saman af sveitarstjóra í kjölfar bókunar framkvæmda- og veitunefndar frá 28. febrúar 2023 undir liðnum önnur mál, liður a:

*„Fulltrúar nefndarinnar kölluðu á síðasta fundi eftir stuttri samantekt um notkun á Félagslundu og Þingborg á árinu 2023. Sveitarstjóri tók saman yfirlit yfir tekjur (útleiga og sala á veitingum), rekstrar- og viðhaldskostnað í Þingborg og Félagslundu á árinu 2023 og fylgdi það fundargögnum.*

*Nefndin hvetur sveitarstjórn til þess að skoða vel rekstur þessara fasteigna út frá raunverulegri notkun og hvetur til þess að tekin verði ákvörðun um framtíðarhlutverk húsanna meðal annars með tilliti til lögbundinna verkefna í starfsemi sveitarfélagsins.“*

Í dag er félagsheimilið Þingborg nýtt undir lögbundna starfsemi sveitarfélagsins svo sem fyrir skrifstofu og stjórnslu sveitarfélagsins ásamt því að íþróttakennsla leik- og grunnskóla fer fram í húsinu. Ungmennaráð Flóahrepps nýtir húsið undir ungmennahús og haldnir eru íbúafundir og aðrir fundir eða viðburðir á vegum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Að auki er Þingborg nýtt af félagasamtökum í samræmi við samstarfssamninga svo sem kvenfélögum og ungmennafélagi ásamt því að kirkjukórinn nýtir það fyrir æfingar.

Húsið er einnig leigt út fyrir veislur, ættarmót, fundi, tónleika, þorablót og gistingu og fellur það ekki undir innri leigu eða notkun í þágu sveitarfélagsins.

Félagslundur er nýttur hluta úr ári fyrir glímuæfingar ungmennafélagsins og nokkra aðra viðburði ungmennafélagsins svo sem Flóahlaupið. Einnig eru þar haldnir fundir kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps. Sveitarfélagið hefur haldið viðburði þar á árinu svo sem árshátíð og tónleika.

Húsið er einnig leigt út fyrir veislur, ættarmót, fundi, tónleika, og gistingu og fellur það ekki undir innri leigu eða notkun í þágu sveitarfélagsins. Einnig voru haldin tvö þorablót þar á árinu 2023.



## Á næstu tveimur súluritum má sjá leigutekjur og rekstrar-, og viðhaldskostnað vegna félagsheimilanna tveggja á árinu 2023.


Bláa súlan sýnir rekstrarniðurstöðu og er tekið tillit til innri leigu eignasjóðs.

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélags samkvæmt óskum þeirra og þörfum. Hann innheimtir leigu (svonefnda innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér yfir lengri tíma.

Til slíks kostnaðar teljast fjármagnskostnaður vegna viðkomandi rekstrarfjármuna, afskriftir, skattar og tryggingar og viðhaldskostnaður, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu.

Markmiðið með eignasjóðum er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni ber.

Upphæð innri húsaleigu er uppreiknuð árlega af endurskoðendum sveitarfélagsins.






Miða skal við að leigutekjur eignasjóðs standi undir rekstri einstakra eigna skv. bókahalds- og reikningskilavenjum hjá sveitarfélögum.

Hér má sjá skráða innri notkun (raunnotkun) í klukkustundum á Félagslundi og Þingborg á árinu 2023 og raunkostnað á hverja klukkustund sem húsinu eru notuð í innri leigu.

Hér er um að ræða notkun í þágu sveitarfélagsins svo sem íþróttakennslu í leik- og grunnskóla, fundi, notkun ungmennaráðs, notkun á skrifstofurými sveitarfélagsins og fundi eða samkomur hjá félagasamtökum í samræmi við samstarfssamninga o.s.frv.

*Hér er ekki verið að taka inn í leigu fyrir veislur, ættarmót, gistingu o.þ.h. en sú upphæð kemur fram sem tekjur í línuritunum að ofan.*



Tekið saman 4. mars 2024 af Huldu Kristjánsdóttur sveitarstjóra fyrir 294. fund sveitarstjórnar Flóahrepps

*Upphæðir í minnisblaði eru birtar með fyrirvara þar sem um óendurskoðað bókhald ársins 2024 er að ræða.*